



EINSTAKUR APRÍL
STYRKARFÉLAG BARNA MEÐ EINHVERFU



Lýðheilsuráð minnir á Einstakan apríl !

Blár apríl verður Einstakur apríl

Þennan vetur verða miklar breytingar á félaginu. Við leggjum bláa litinn á hilluna og tökum upp nafnið Einstakur apríl. Nýja merkið er í öllum regnbogans litum og undirstrikar áherslu okkar á fjölbreytileika einhverfunnar.

Tilgangurinn er enn þá að stuðla að velgengni barna á einhverfurófi, fyrst og fremst með fræðslu fyrir foreldra og fullorðna sem starfa með börnum. En nú taka við nýjar áherslur í útgefnu efni og skilaboðum til almennings. Einhverfir sjálfir eiga alltaf að hafa sæti við borðið og við útbúum fræðsluefni sem byggir á raunverulegri reynslu þeirra sem eitt sinn voru börn á einhverfurófi.

Viltu vera með okkur í þessari vegferð?

**Allir
með!**